



Varðandi: Útileikvöllur fyrir fullorðna (íþróttir fyrir fullorðna)
Málsnúmer: 1711030
Dagsetning: 01.10.2018

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að setja upp hreystigarð fyrir fullorðna á svæðinu fyrir neðan Akraneshöllina við Jaðarsbakka. Hreystigarðurinn verður útbúinn átta hreystitækjum og upplýsingaskilti, með gervigras sem undirlag og gróður í kring til skjól- og rýmismyndunar.

Heildarkostnaður sbr. meðfylgjandi gögn er um kr. 6 milljónir. Gert verður ráð fyrir framkvæmdinni í fjárhagsáætlunargerð kaupstaðarins fyrir árið 2019

GREINARGERÐ: Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti tillögu á fundi sínum 24. október 2017 um uppsetningu á útileikvelli fyrir fullorðna. Málinu var vísað til skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs. Verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði og umhverfisstjóra á skipulags- og umhverfissviði var falið að vinna að framgangi málsins. Þeirra vinnu lauk með tillögu að hreystigarði fyrir fullorðna á svæðinu fyrir neðan Akraneshöllina við Jaðarsbakka.

Sindri Birgisson 02.10.2018